

Ed.

392. Nefndarálit

[214. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið og mun 3. minni hl. stuðla að því að það fái þinglega meðferð við þrjár umræður í Efri deild í dag, en greiðir ekki atkvæði við afgreiðslu þess. Undirritaður hefur lengi bent á það í ræðu og riti hve skaðvænlegt sé að fylgja gengislækkunum sífellt eftir með hækkun neysluskatta og keyra verðbólguna þannig áfram. Við undirbúning fjárlaga barðist undirritaður gegn hækkun söluskatts og lét gera sérstaka bókun í sínum þingflokki. Nú er komið að lokaafgreiðslu fjárlaga þar sem gert er ráð fyrir fjáröflun í samræmi við þetta frumvarp sem Neðri deild hefur þegar samþykkt. Menn verða því að horfast í augu við orðinn hlut og hraða afgreiðslu málsins, jafnvel þótt þeir greiði því ekki atkvæði.

Alþingi, 18. des. 1984.

Ey. Kon. Jónsson,
form.